



Fundargerð - Aukafundur

479. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, þriðjudaginn 9. ágúst 2022, kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir og Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson.

Fundargerð ritaði: Staðgengill sveitarstjóra, Karl Antonsson, .

Fundargerðir til samþykktar

1. 2207021 - Skipulagsnefnd 2022

Fundargerð 176 fundar skipulagsnefndar, dags, 6 ágúst 2022 Greinagerð vegna stjórnsýslukæru nr. 58/2022 til ÚUA vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hnútuverkjun í Hverfisfljóti. Fyrir fundi liggja drög að greinagerð til yfirferðar og umfjöllunar. Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa, í samræmi við umræðu fundarins, að ljúka gerð greinagerðar í samvinnu við lögfræðing sveitarfélagsins og leggja fyrir fund sveitarstjórnar til afgreiðslu

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

2. 2207025 - Ráðning sveitarstjóra

Ráðning sveitarstjóra, ráðningarsamningur við nýjan sveitarstjóra til staðfestingar. Lagt er til að ráða Einar Kristján Jónsson kt. 150371-5119 í starf sveitarstjóra Skaftárhrepps kjörtímabilið 2022-2026. Starfið var auglýst og bárust 11 umsóknir. Intellecta ráðningarstofa sá um ráðningarferlið í samráði við sveitarstjórn Skaftárhrepps. Fyrir liggur ráðningarsamningur dags. 9. ágúst 2022, undirritaður af oddvita Skaftárhrepps. Samkvæmt ráðningarsamningnum mun Einar Kristján Jónsson hefja störf frá og með 10 ágúst 2022. Lagt er til að sveitarstjórn staðfesti ráðningarsamninginn.

Sveitarstjórn staðfestir ráðningarsamninginn og býður Einar Kristján Jónsson jafnframt velkominn til starfa hjá Skaftárhreppi og væntir góðrar samvinnu og samstarfs við hann um málefni sveitarfélagsins.

3. 2206005 - Stjórnsýslukæra - framkvæmdaleyfi Hnútuverkjun

Stjórnsýslukæra nr. 58/2022 til ÚUA vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hnútuverkjun í Hverfisfljóti.

Sveitarstjórn fékk framlengdan frest til 10. ágúst til að skila inn greinagerð

AK
J.G.
GPS
AG.
BHS



vegna framkvæmdaleyfis.

Fyrir fundinum liggur tillaga að greinargerð unnin af Antoni Birni Markússyni lögmanni sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða greinargerð og felur lögmanni sveitarfélagsins að skila henni ásamt fylgigögnum til ÚUA fyrir tilskilinn tímafrest

Auk þess vill sveitarstjórn bæta við eftirfarandi bókun:

Ljóst er að verði af Hnútuverkjum mun hún hafa gríðarleg áhrif til hins betra á atvinnulíf í sveitarfélaginu, að framkvæmdum loknum verða til varanleg 2-3 störf, auk afleiddra starfa tengdum viðhaldi mannvirkja og fl. Raforkunotkun í sveitarfélaginu vex stöðugt, sem dæmi myndi býli í 20 tona kjöttframleiðslu auk nokkurrar ferðaþjónustu þurfa að fjárfesta í 80 kw. varaafsstöð til að geta haldið fullum afköstum í rafmagnsleysi. Þá má einnig benda á að hraðhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla tekur 150kw. Á því sést hvað 200kw. smávirðjanir eru engan vegin að tryggja það raforkuöryggi sem þarf hér á milli sanda, komi til langvarandi straumleysis. Þá er einnig vandséð hvar 10 slíkar smávirðjanir sem gæfu allt að 2000kw. ættu að vera. Ljóst er að virkjunarframkvæmd sem þessi, eins og aðrar slíkar, hafa raskanir í för með sér, einkum á framkvæmdatíma og þær breyta ásjáð lands, slíkt á einnig við um smávirðjanir. Þessi framkvæmd við Hnútu hefur hins vegar afar jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og raforkuöryggi í Skaftárhreppi, ásamt möguleika á eyjurekstri raforkukerfisins, komi til einhverskonar áfalla í dreifikerfi raforku. Jafnframt má reikna með jákvæðum áhrifum á ferðaþjónustuna, þar sem bætt aðgengi mun skapast að einstakri náttúruferlu innan Skaftárhrepps. Þar er um að ræða gljúfur Hverfisfljóts í Bárðarskarði, stórbrotin náttúruundur sem myndast hafa frá Skaftáreldum árið 1783. Gljúfur sem alfarð eru utan framkvæmdasvæðis virkjunar.

Bókunin samþykkt samhljóða.

Auður Guðbjörnsdóttir vekur athygli á vanhæfi sínu varðandi næsta lið og yfirgefur fund.

4. 2207027 - Umsagnarbeiðni - Tækifærisleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 25.07.2022
- Umsagnarbeiðni - tækifærisleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi dags. 25.07.2022 Auður Guðbjörnsdóttir kt. 030884-2219 sækir um tækifærisleyfi fyrir réttarballi í Tunguseli, frá kl. 11.00- 03.30 þann 10.sept- 11.sept.nk.*

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um jákvæða umsögn annara umsagnaraðila.

Auður kemur aftur til fundar

AK
J.G.
OPS
AG.
BHS



Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:31

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir

Þórunn Hrafn Karlsson
Þórunn Hrafn Karlsson